Ed. **427. Nefndarálit**

um frv. til póstlaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp það til póstlaga, sem hér er á ferðinni, hefir sérstaklega þrennskonar tilgang: 1) Færð eru saman í eina heild þau póstlagafyrirmæli, er nú gilda, 2) tekin eru upp í frv. ýms reglugerðaákvæði og stjórnarvaldafyrirmæli, er starfað hefir verið eftir undanfarið, og 3) bætt er við nýmælum, er til umbóta þykja horfa, einkum eftir fyrirmyndum í póstlögum á Norðurlöndum.

Samgöngumálanefnd hefir athugað frv. á nokkrum fundum. Á einum fundinum komu 2 póstmenn og ræddu við nefndina, aðallega um ákvæði 14. gr. frv., og óskuðu breytinga á henni. Síðar sendu 13 póstmenn nefndinni bréf um sama efni.

Eftir ósk n. kom póst- og símamálastjóri á fund til viðtals um frv. Áður hafði hann ritað n. bréf og óskað þar eftir smábreytingum. Brtt. þær, er nefndin flytur, eru að mestu leyti útbúnar af honum.

Samgöngumálanefnd leggur það til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 9. gr.
   a. Upphaf á d-lið verði þannig: Útgerðarmenn, útgerðarfélög og skipstjórar skipa, sem starfrækja o. s. frv.
   b. e-liður orðist svo: Útgerðarmenn, skipstjórar og afgreiðslumenn skipa þeirra, er sigla úr íslenzkri höfn eða milli íslenzkra hafna og eigi eru í áætlunarferðum (reglubundnum flutningaferðum), skulu skýra pósthúsinu á höfnum þeim, er skip hefir viðkomu á, frá ferð þess, hvaða dag og stund það ætli að halda burtu, og skal taka póst til flutnings, ef þess er óskað. Hafi hlutaðeigandi pósthús krafizt þess, að póstflutningur verði fluttur með skipinu, má það ekki fara fyrir þann tíma, sem ákveðinn hefir verið, nema póstflutningurinn sé áður kominn á skip.
   c. Í stað orðanna „til pósthússins“ í h-lið komi: á pósthúsinu.
2. Við 10. gr. Orðin „sem afgreidd eru úr íslenzkri flughöfn“ falli burt.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hér um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum, þó ekki hærri en 10 aura fyrir hvert kílógramm, nema sérstaklega sé um samið.
4. Við 23. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Allar sektir og undandregið burðargjald má innheimta með aðför, og rennur hvorttveggja í póstsjóð.
5. Aftan við 27. gr. komi ný gr., er verður 28. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 11. des. 1939.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.